

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2019

2022/EES/74/26

frá 14. júní 2019

um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. E5 frá 16. mars 2017 um hagnýtt fyrirkomulag vegna aðlögunartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. E5 kemur í stað ákvörðunar nr. E1 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 3) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

VI. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3.E4 (ákvörðun nr. E4):

„3.E5 **32017 D 0719(01)**: Ákvörðun nr. E5 frá 16. mars 2017 um hagnýtt fyrirkomulag vegna aðlögunartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 233, 19.7.2017, bls. 3).“

2. Texti liðar 3.E1 (ákvörðun nr. E1 frá 12. júní 2009) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. E5, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 233, 19.7.2017, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 9.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.